

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu ISBN 978-9935-409-40-9

25. ISBN 978-9935-409-24-9

Haftsænar Gapþrosnar Geirölnir valkyrjan

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080

***-Haftsænar Gapþrosnar Geirölnir
Geirönul valkyrja***

Yppir Óðinn svipum fyr Sigtíva sonum
Haftsænis heiður
Hveðrungur og Hroptur ragna,
Yggjungur Ása, kannski skylt hyggindi, h er mjúkt hljóð og týnist,
en ekki tengt uggur, -- enda öllu snúið uppá grimmd í skilningsleysi þegar
gera á lítið úr forna sið, og fyrirframákveðinn misskilningur er hafður að
leiðarljósi --
Askur Yggdrasils, líf nærandi,

drösull, tras त्रस ; að vera sjáandi drís दृष
einnig hestur,
ashwatta, hið helga fíkjutré, er

„ashwa stha, अश्वत्थ þar sem hestar standa”, í skugga trésins.



Sleipnir taugakerfið,
mannlegur yggdrasill,
Ullarhylli, mennirnir kynda bál þekkingarinnar,
-- engin önnur lífvera á jörðu getur skilið þekkinguna,
safi rætur brunnar - Urðar og Mímis -
rétt einsog tré verður til úr fræi, verður askur Yggdrasils til úr eindinni.
Hvað sér maður inni í fræi?
Eiginlega ekkert.
en veit að þar búa möguleikar trésins.
Trúum við því að hugmynd að tré sé til staðar í fræi, þegar við sjáum
ekkert í fræi?
Já,
því við höfum séð þetta gerast.
Trúum við því að við sjálf séum úr eindinni,
þegar við höfum ekki séð eindina?
Höfum ekki séð okkur sem ginnungagap?
Já, eiginlega,
þegar búið að segja manni það, og útskýra það.

-Snjöll ertu, hugsandi völva. Tal þitt órætt og djúpt.



-Mér þótti þetta nú sundurlaust þrugl,

og hana nú
 enda önnur skýring komið fram á tilurðinni:
 að ormar kvikni af sjálfu sér á dauðum trjástofnum, jú, hefur komið fram sem
 skýring á tilurð ormannna,
 og þá, maðurinn sem aumur skítugur ormur á jörðu, kvikni sí sona líklega líka.
 Hmmmmm?
 Nokkur nokkuð við þetta að athuga?
 Einhverjir voru á þessari skoðun á hinum myrku öldum.



-Þú munt vilja fræðast, völva snjöll -- og Þjóðvitnir fær einnig fræðslu,
 og veitir ekki af, þótt hana viti mikið nú þegar.

Valkyrja er gjörningur sem leiðir til þess sem lýst er í vísu 138 í
 Hávamálum og næstu á eftir.



वल val, þýðir fara, nálgast, flýta, og einnig að snúa aftur heim

Valkyrjan er eina gjörðin sem ekki bindur.

Allar aðrar gjörðir binda hinn ósvinna. Hann lendir í vítahringnum (4.).



Valkyrja þjónar vitund við að skreppa heim,
 Óðinn gefinn Óðni.
 ek hékk vindga meiði á,

nísta निष्ठ

Veit eg að ek hékk
vindga meiði á
nætur allar níu
geiri undaður
og gefinn Óðni
sjálfur sjálfum mér
á þeim meiði
er manngi veit
hvers hann af rótum renn

við hleifi mig sældu
né við hornigi
nýsta ek niður
nam ek upp rúnar
æpandi nam
féll ek aftur þaðan

fimbulljóð níu
nam ek af inum frægja syni
Bölporns, Bestlu föður,
og ek drykk um gat
ins dýra mjaðar
ausinn Óðreri

þá nam ek frævast
og fróður vesa
og vaxa og vel hafast
orð mér af orði
orðs leitaði
verk mér af verki
verks leitaði

rúnar munt þú finna
og ráðna stafi
mjög stóra stafi
mjög stinna stafi
er fáði fimbulþulur
og gerðu ginnregin
og reist Hroftur rögnu

Óðinn og Óðinn, eg og Óðinn, eru einn, ekki tveir,
mannleg vitund og alheimsvitund,
ek gefinn vitund, er vitund eingöngu.
Eitt, ekki tvennt.

hesja geir hesjú **हेष हेषु** vopn vitundar
geiri undaður, lífs flæði opnast,
gefinn Óðni
sjálfur sjálfum mér

svo þundur um reist
fyr þjóða rök
þar hann upp um reis
er hann aftur um kom

(v80) það er þá reynt
er þú að rúnum spyr
inum reginkunnum
þeim er gerðu ginnregin
og fáði fimbulþulur

Fórna þýðir gefa, færa, koma með til veizlu,
og er til að viðhalda, næra;


er að fórna vitund, sóa,
-sóa hverju?
-sér sjálfum sem einstaklingi, sprelllifandi,

-- Óðinn gefinn Óðni, ég gefinn sjálfum mér -- aftur og aftur alla ævi, til
þess að ausa raunverunni, sem allt er úr, yfir í lífið

Við færum okkur sjálf til veizlunnar í Gláðheimum,
leggjum það til gleðinnar.

Mannlegt taugakerfi, Sleipnir, er fararskjótinn sem við notum við þessa
valkyrju (gjörning), þjónustumei huga, hugsunar, vitundar, tærrar
vitundar, og það að gerast Viðarr (nirvana, transcendance, són, að vera
Haftsænis heiður, Gapþrosnir).

δυναμῖς bullandi hverir þekkingar og skipulags,
römm er sú taug sem rekka dregur föðurtúna til.
Við þekkjum vel túnið við bæinn heima. Einnig tívatún.



irminsúl



fimbulljóð níu nam ek
ek drykk um gat
ins dýra mjaðar

Hið alumvefjandi ginnungagap er hér. Það er alls staðar.
Við þurfum ekki að leita neitt.
Það er alls staðar.
Mannanna meðvitund þarf aðeins að beinast þangað.

Án þessarar sælu, Sólar sælu, sem er alls staðar, verða menn ekki
hamingjusamir.
Litlu hamingjurnar eru hverfular og enda í missi.
Hamingja, sæla Sólar hamin (17.), er varanleg hamingja.

Verið ekki alhugfangin af að elta litlu hamingjurnar í verslu,
en þær verða enn skemmtilegri – og ekki bindandi – þegar Gláðheimar
eru lifaðir af mönnum.

Þeir menn eru einherjar (lifa 5. og 6. vitundarstig).

Við finnum ginnungagap.

Ekki tjóir að bíða þar til ginnungagap finnur mann.



Ekki aðeins bíða fyrir utan Hnitbjörg .

Hæg eru heimatökin.

Óðinn er vitund allra manna. Við erum hún.

Vitund er alumvefjandi. Við erum í henni.

Ormur, Rati, Hnitbjörg,

sem ormur / bregðst í ormlíki -- smýgur vitund inn í Hnitbjörg.

Hugsun manns verður í samhljómi með náttúrulögmálunum ef menn nærast.

Annars ekki.

Gunnlöð bíður með mjöðinn mæra.

Hún styður framþróun. (32.)

Hugsanir og gjörðir á yfirborðinu eru máttlausar og næringarlausar hafi þær ekki Ægidjúpið sér að baki.

Náttúrulögmálin gefa lífinu fimbulkraft.

Menn geta ekki ímyndað sér fimbulkraft þeirra.

Enginn getur búið þau til, enginn getur ráðskast með þau, enginn getur möndlað neitt hér.

Þau eru sú raunvera sem við lifum í, og algjörlega sjálfvirk.

Hvert sem við lítum sjáum við hvernig þau greinast í reglu sinni.




Loki finnur Braga, og bergir á skáldamiði, en þó nokkrir supluðu skáldfíflahlut og halda að það sé uppljómun. Þeir tala oft mikið um Guð í sér, en ekki hafa allir skilið að við erum hið guðlega, við sjálf.



Loki gerir marga bommertuna,
og reynir svo að redda sér útúr veseninu,
en ekki fyrr en hann verður Lopturr,

þekkir Heimdall á fingerðum sviðum handan skilningarvitanna,

iðkar tæknina -- þá sem Iðunn stendur fyrir --
finnur Braga, Bragi og Loki koma saman,
þá
ekki fyrr en þá
hættir hann að gera vitleysur.
Kemst á fingerðari svið tilveru.



Til þess er tæknin TM.



Bragi neytir epla Iðunnar, og fullkomnast, fullkomnar sig.
(31., tært taugakerfi.)

Tækni þarf
tækni sem leiðir til samadhi
tækni sem leiðir til nirvana



Gunnlöð Hnitbjörg



Kvasisblóð Són Boðn

og stunda þarf tæknina reglulega alla ævi: Iðunn og Bragi.

Best er að iðka gjörninginn valkyrju amk 2svar á dag alla ævi í smástund í einu,



en ekki er ráðlegt að vera að hugsa um guðin og svoleiðis allan daginn, því þá er maður með hálfan huga við vinnuna, og hálfan við að hugsa um annað.



Ekki vera að hugsa um annað en vinnuna.

Að hugsa um guð alla daga er aðeins til að tvístra einbeitingu og það þreytir hugann, að reyna að muna eftir guðunum allan daginn eyðir orku og dregur úr einbeitingu við verkin manns.



hnýsast og vinna til skiptis,

dagleg regla.

Kroppurinn okkar kann vel að meta reglu, því hann er regla

-- einsog alheimurinn

Allt er undir mönnunum komið.
Mennirnir kynda bál þekkingarinnar,
engin önnur lífvera á jörðu getur.

Með hækkandi vitundarstigi verða menn mildir og skilningsríkir.



Meili Óðinsson,

Skilningur á sannleikanum er nefnilega háður vitundarstig hvers og eins.
(um vitundarstigin sjö sjá Huginn og Muninn, 30.)

nam ek frævast

og fróður vesa

Skilningurinn finnst ekki í kerfum,

ekki einu sinni í orðum og útskýringum
þótt þannig tilraun sé allra góðra gjalda verð.

Það þarf reynzlu af sannleikanum,
nálægð við ginnungagap er gleði,
þar er þekkingin,

rúnar munt þú finna
og ráðna stafi

Hamli er enginn á för hugans til þessa sviðs.
Frá mér til mín.

Þessi för, sem er engin vegalengd í raun, er huganum náttúrulegt og
eðlilegt, því þetta svið er uppruni hans.
Sviðið sem hugurinn okkar er úr kominn.

Og við erum þessi alheimvitund.




Figure 4

samsviðskort og mannshugurinn

Hamli er enginn, pratyavaayó na vityate, Baghavat gíta II 40,

प्रत्यवायो न वित्यते greið leið,

engin raunveruleg vegalengd, og við smjúgum léttilega inn í eigin
Glaðheima. Óðinn skeiðar heim á Sleipni sínum (mannlegu taugakerfi).


Skilningur ríkir smátt og smátt við tærari og tærari hugsun manna.

Brátt fara margir menn að elska náungann einsog sjálfan sig.

Alveg boðorða- og áreynzlulaust.

Þeir eru uppljómaðir, og sjá allar lífverur sem sig sjálfan.

Ekkert er sjálfsagðara uppljómuðum.



við erum ginnungagap

Þegar nú milljónir manna stunda TM um allan heim,
og tugir þúsunda manna TM-sidhi® prógram og -flug, vakna guðin í
vitund manna.

Sidhi, stundað af siddhum, yfir og lifgar gárur á yfirborði Ægis (2.).

Guðin verða virk,

örvast,

náttúrulögmálin ráða för í mannheimi,

stjórna mannanna hugsun,

en sérhagsmunir fárra valdgíruga einstaklinga víkja og hætta að vera til.

Á myrkum öldum eru guðin sem í myrkri frá mönnunum séð,


og guðin sjá að mennirnir eru í myrkri. (8., Skírnismál.)

Sannleikurinn er hulinn ryki og ósvinnu,

guðin bíða

svo þundur um reist

fyr þjóða rök



Gungnir verður efni.

Efni sem er kælt þannig að hægist á sameindunum,
sýnir að þær víkka í kyrrðinni.

eðlilegt
vísindi

Nóbelsverðlaun voru veitt fyrir rannsóknir á hegðun rúbídíums;
við að kyrra sameindir víkkuðu þær út, urðu síðan að einni stórri bylgju.

Þetta er nákvæmlega hið sama og gerist við mannshugann,
-- og mannlega hugsun.

Dr. John Hagelin eðlisfræðingur, ráðherra Heimsfriðarríkisins (Global Country), nú radja, hefur haldið fyrirlestra um allan heim undanfarna áratugi. Hann útskýrir með eðlisfræðihugtökum þekkingu og vísindi Maharishis.


Við að kyrra hugann,
kyrra hugann svo mikið að sleppa jafnframt fingerðustu hugsun,
víkkar vitund út til að verða alheimsvitund.
Þetta er huganum eðlislægt og því áreynslulaust.

Við að menn sóast í ginnungagap, stinga sér í Ægi, víkkar vitund í eilífð
og óendanleika.

Það hefur áhrif alls staðar í senn og um leið, því hér er ekki tími, ekki
rúm.

Gungnir myndast á vitund,
gárur,
gungnir á ginnungagapi, yfirborðið ýfist og verður virkt,

geir vitundar हेतु hesjú fljótur, þýtur hratt.



Vitund er ein.

Í TM-sidhi prógrammi og yógaflugi hafa iðkendur í hópum áhrif langt
útfyrir hópinn.

Nokkurþúsund manns saman hafa áhrif um allan heim!

Guðin eru vakin í mannanna vitund,

tívatún verður virkt og „skapast“ í vitund þess manns sem TM-tæknina stundar.

Hið óskapaða svið, tívatún, möguleikar alls, skapast í vitund þeirra manna sem transcendera, hnýsast niður, fara frá mannlegri hugsun, innfyrrir mannlega hugsun sem þá hverfur alveg, sóast úr gunnadansinum, eru tær vitund eingöngu um hrið.

fáði fimbulpulur
gerðu ginnregin
reist Hroftur rögna.

Transcendence, són, nirvana, er 4. vitundarstig manns.
Trans er yfir, og scendere að klifra, svo maður „þrilar, klifrar, yfir, upp“ í Ásgarð,
yfir hvað?
ekki yfir neitt, aðeins finnur Ásgarð með því að kyrra og víkka huga.

Ekkert handan í raun, ekki yfir í raun, aðeins nýsir í það sem er hér og nú, innan allra, en ekki allir þekkja.



-tao, sagði LaoTse um ginnungagap
tao ! -- bara eitthvert óskiljanlegt orð, líklega,

og þetta „ati-í“ er úr gítunni hans Bhagavats, XIV 20, 21
að gera at í Gunnunum, hah hah he he

gúnaan atitya गुणानतित्य fara yfir um, þeir fara bara yfrum á þessu

atitaaranti ati yfirum trí fara अतितारन्ति yfrum-farandi

Auðvitað fara menn yfirum á Gunnunum, ég veit allt um það mál,
en að fara yfirum Gunnana!!

Það er nú ekki á færi annarra en Hugins og Munins og svoleiðis karla í fjaðurhami í himinvitund svífandi.

Og þetta maayam tarantí er að komast yfir hana Maayuu mína,
sko uppfyrir hana, og er í gítunni VII 14

Hvernig eiga mínir menn að botna í þessu?
Rugla þessu saman við: dauður og dottinn uppfyrir,
handanvitund halda þeir að sé miðilsfundur,
fara að tala um sálnaflakk (sem ég veit nú ekki hvað í andskotanum er)
eða dæsa: ég er nú alveg að fara yfrum á þessu rugli.

-Þetta þarf að lærast, Þjóðvitnir minn, tæknin til að transcendera þarf að lærast rétt, fingerð en kraftmikil.

Auðvitað skilja menn ekki: Gap-þrosnir !! Haft-sænir !!
Því þeir hafa ekki hugmynd um hvað ginnungagap er,
vita ekki að mennirnir sjálfir eru það,

kunna ekki að sóa sjálfum sér í Ægi
skilja þess vegna ekki tákn málið í Gapþrosni og Haftsæni
vita ekki að fórn er það að gefa sjálfan sig sjálfum sér.


-Mínir menn snúa nú bara útúr: ég á mig svo ég þarf ekki að gefa mér mig,
og nýsast niður og falla þaðan niður !!! það er bara komið í ið neðra!

-En þegar menn stunda TM fer allt slíkt að opnast upp fyrir skilningi
mannanna.

Sleipnir er nauðsyn, og valkyrja þjónar sínum tilgangi,
= mannlegt taugakerfi og gjörningur.


kshaña क्षण um stund andartaks- hverfult augnabliks-

ksañika dhyaana क्षणिक ध्यान andartaks dá,
er samadhi stundum og í stutta stund í einu.



Allt er ferlið huganum náttúrulegt og eðlilegt.

Engin áreynsla. Aðeins TM-tæknin lærð rétt.
Smá köfun, blúbbs, oní eða inní samanda,
og stuttu síðar aftur yfir í hugsanir vegna streituloss.



og maður öðlast gjörðatækni, 9 galdra og ljóðin.

Einfalt:



einog að opna sitt eigið hús.



maður þarf ekki að brjótast inní sitt eigið hús.



skilningarvitin hætta að vera á fullu



tæknin laðar heyrnina í kyrrð
en maður er vakandi

heldur huganum fljótandi,



og laðast heim, sjálfkrafa.

Það er ekki fyrr en maður lifir eindina miklu ásamt með svefni og vöku,
alltaf, alla daga, allar nætur,
að hann kemst á 5. vitundarstig, og hið 6.,
það er að lifa Valhöll.

Djúpsvefn, draumsvefn, vaka, eru þau þrjú vitundarsig sem við þekkjum
bezt,
og þau hafa samsvarandi líkmsástand.


Hið 4. verða menn ekki svo varir við, því þar er engin mannleg hugsun, enginn tími, ekkert rúm, aðeins hang á vindgameiði. Ekki þorsti, ekki hungur, andadrátturinn verður flæði eitt.

Svo hið 4. vitundarstigið í viðbót við þau þrjú sem allir þekkja (v.138 í Hávamálum) er mannum eðlilegt. Einnig 5., 6., 7. vitundarstig (30.)

TM er einföld tækni -- auðlærð, auðveld og okkur eðlileg -- til að hanga á vindgameiði, hnýsast niður (4. vitundarstigið), nístha standandi í öryggi, algjör kyrrð, engin mannleg hugsun, falla aftur þaðan, því við kyrrðina losnar um gamla streitu, og þegar hún losnar ertir hún taugakerfið, sem veldur því að heilinn fer að hugsa, hnýsast niður á ný (í 4. vitundarstig, transcendence), í algjöra kyrrð, og í 4. vitundarstiginu þurfa hvorki að dreypa á horni né narta í hleif, sem tákna að hafa engar líkamlegar þarfir, því á þessu 4. vitundarstigi hægir á allri líkamstarfsemi. Tíminn er ekki til hér. Aðeins allar nætur 9 í óeiginlegri merkingu tákn málsins. Þar sem við á þessu (4.) vitundarstigi erum í raun ekki einstaklingur í tíma og rúmi heldur höfum sóast, gerzt Haftsænir og Gapþrosnir, orðin Viðarr í viðáttu gleiðra Glaðheima vitundar, hér er tíminn ekki til, þ.e. nætur allar níu sem er enginn eiginlegur tími.

Við nemum upp fimbulrúnir og stóra stinna stafi og öðlumst níu (óteljandi) galdra góða og karmasú kausalam (gjörðataækni).

कर्मसु कौशलम् karmasú káshalam, geta framkvæmt án þess að hafa fyrir.



Gjörðataeknin, fimbulrúnaframkvæmd.

Stuðningur náttúrunnar er vís hinum tæra manni. Hann vinnur úr eindinni.

Mannshugann sendum við í ginnungagap, uppruna sinn, til að finna
Þundarflæði náttúrulögmálanna.
Minna okkur á hið rétta.

Ráðfæra sig við hljómsveitarstjóran til þess að detta ekki út í eitthvert
krabbamein og ómstrítt villuráfandi líf.

Þar eð guðin eru forsetar náttúrulögmálanna, segjum við: grem eigi goð
að þér, líf í sátt við goðin.

Goð gremjast ekki, en það sem stríðir gegn þróun er ósvinna.

Kann ei góðri lukku að stýra.

Það sem stríðir gegn lögmálum náttúrunnar fitar Fenri, á endanum er
þanþoli móður náttúru ofboðið.

Þeim mun tærari sem við verðum, þeim mun auðveldar verður að
uppfylla óskir okkar.

Og óskir og langanir verða sjálfkrafa réttar.

Guðin vinna með okkur.

Minni fyrirhöfn meiri árangur.

Smátt og smátt dregur maðurinn safann upp í veröld

við að sóast

með tækninni sem samkvæmt EEG-mælingum virkar, TM,

í 4. vitundarstig,

rétt einsog rætur asks í brunnunum næra allt líf á yfirborði.

Hnýsast niður og falla aftur þaðan, en það er tæknin sé henni rétt beitt

þar hann upp um reis
er hann aftur um kom

Við daglega iðkun kemst maðurinn í 5. og svo í 6. vitundarstig.

Þá er hann einherji í Valhöllu. (30.)

Hann lifir ginnungagap í vöku draumsvefni djúpsvefni.

Í meðvitund munu margir tívar vaktir og gerðir lifandi í mannheimi.

Kyrrðin mikla virkar þannig að ekki er hægt að útskýra með orðum eða
gjörðum.

Allt sem við þörfnumst kemur áreynzlulaust.



Bál þekkingar, Ullur, hefur grillað fræin
(4.)

Móðir náttúra vinnur fyrir einherjann,
einherji vinnur fyrir aðra.

Kyrrðin mikla virkar sjálfkrafa þeim manni sem hana lifir.
Við köllum það stuðning náttúrunnar,
því hún vinnur fyrir okkur.

Þegar kyrrðin mikla stjórnar í veröld, samræmist allt af sjálfu sér.
Það er í höndum mannanna að svo sé.

Við eigum nú tækni og vísindi frá Heimsríkinu,
þekkingu sem maharishi hefur fært okkur frá guru Dev, uppljómuðum
Swami Brahmananda Saraswati Djagadguru Bhagwan Shankaracharya
af Djótír Math Himalaya,
vísindi sem við erum meðvituð um nú,
æðri og dýpri nútímavísinum, sem þurfa að bæta við sig þekkingu

http://www.cbeprogram.org/programs/popup/unified_field.html
vedavísindi og nútímavísindi borin saman

tækni og vísindi sem gerir okkur fært að fá óskir uppfylltar.

Tærustu menn þurfa ekki einu sinni óskir né langanir!
Náttúran veit hvað þeir þurfa, og þarfir þeirra eru fyrir náttúruna,
og fyrir alla menn,
allt líf.

Þegar ekki einu sinni þarf löngun er lífið fagurt og týrétt.

Þannig verður mannheimi stjórnað bráðlega.

Heimsríkið, Global Country, gegnir foreldrahlutverki fyrir allar 192 þjóðir
heims.

Öllu stjórnað úr fimbulkyrrð. Snurðulaust og náttúrulega.

Hvað gerist?



Þegar við nálgumst völlinn mikla, sem við öll erum í raun, þegar einstaklingsvitund er fingerð hugsun sem hverfur, þá stingum við okkur í Ægi (2.), víkkum í Glaðheima (14.).

Við að stinga sér myndast Gungnir (14.), gárur, bylgjur, sem dreifast útum allt.

Yfirborð Ægis ýfist og vaknar.

Þegar margir sitja saman í prógrammi, stunda TM, og svo TM-sidhi prógrammið og yógaflug, magnast gárurnar, Gungnirinn.

Og það er veldisvísisaukning, þ.e. einn í TM er 1, tveir saman er 2^2 , í öðru veldi 4, þrír saman 3^2 9falt



©GlobalCountry

Meissner áhrifin, Mahariahi áhrifin

Bylgjurnar sem lífgast við TM-sidhi og -yógaflug eru mælanlegar sem kyrrð í umhverfinu.

1% þjóðar þarf í TM til að mynda Maharsihi-áhrifin.

-- Gungnir myndast semsagt þegar vitund stingur sé í Ægi.

Miklu færri þarf í TM-sidhi prógramminu saman og í yógafluginu, því siddhar saman í prógrammi gera miklu viðtækari Gungni

-- eðlilega því þeir hafa tæknina til þess að ýfa og lifga yfiorð ginnungagaps, sidhi, hin fullkomna tækni, ekki aðeins með að stinga sér, heldur leika sér með hugsun á yfirborðinu,

hugsun sem æfir hugan í að hugsa úrfrá ginnungagapi,

tækni sem maður lærir eftir að hafa stundað TM í smátíma og hafa gert það rétt og áreynzlulaust.
TM-sidhi prógram og yogaflugið.

Þá ef fullkomið samræmi í heilabylgjum og líkaminn lyftist við hugsun eina saman.

Einn og einn í prógrammi hver í sínu horni og á ósamræmdum tímum gera sjálfum sér gagn.
Betri heilzu, skýrari hug.
En þeir gera ekki landinu sínu gagn fyrr en þeir iðka samsviðstæknina TM saman reglulega.

Þá fyrst myndast hin frægu og margreyndu Maharishi-áhrif.

Land og þjóð verður ósigrandi. Meissner-áhrifin.
Landvættir allar vakna (38.)

Alls konar meditasjón er í tísku núna, og er eflaust, einsog öll þessi svokölluðu yóga-afrigði, skref í rétta átt til að róa sig niður.

Biskupinn segir að menn eigi að lifa andartakið og þetta „nú”.
Hann þarf ekki að hafa peningaáhyggjur,
en ræður þeim heilt sem eru að missa aleiguna sína.
Hann er orðinn mjög svo hlynntur new-age (nýaldar-) lífstækninni,
lífsstílnum,
og ráðleggur ekki lengur bænir trú von né
eigi sem ég vil heldur sem þú vilt.

Ekki er það lengur Guðs vilji að snjóflóð (sbr. Súðavíkurummælin) -- og kreppa -- drepri menn.
Kristnin er að þroskast og þróast í góða guðspeki og djúpa þekkingu.

(Sjá Urði Verðandi Skuldu (33.) vegna örlaga manna,
ofurlaun og/eða gjaldþrot.)

Nú er ekki nóg að læra aðeins einhverja hugarkyrringaraðferð.
Sumar þeirra gera smágagn en ekki fullt gagn við yóga (/sameiningu).

Margt er líkamsæfingar, asana, hathajóga, teygjur með músík,
sumt er áreynsla, ímyndun, einbeiting, einblíning, og slíkt þreytir hugann.

Tæknin þarf að virka þannig að maður sóist, þ.e. komist alveg í yóga

(sameiningu vitundar, sem er mælanlegt með heilalínuriti).

TM-tæknin uppfyllir þetta.

Vísindalegar niðurstöður um TM,
sem ekki annað hefur uppfyllt:

Þegar margir stunda TM saman eflist Gungnir í veldishækkandi áhrif,
mælist í þjóðfélaginu með stærðfræðiathugunum og tölfræði,

hættir að vera gárur og verður að bylgju, heilli flóðbylgju kyrrðar í
ginnungagapi!

Þegar einn fer í TM-prógrammið sitt gerir hann sér gott, heilzu sinni og
líðan, og smátt og smátt hækkar hann sitt vitundarstig; --

Menn fá afslátt hjá tryggingafélögunum vegna heilzu og engra slysa.
(Stærðfræði tölfræði útreikningar)

En til þess að gera þjóðina ósigrandi þarf hóp-prógramm.

(38., friður, stjórnarskrá alheims.)

Þegar tveir fara samtímis í prógrammið verða áhrif sem fjórfalt,
þegar þrír fara samtímis í prógrammið verða áhrifin sem nífalt,
þetta er vel þekkt úr eðlisfræði,
t.d. tveir hátalarar í zynsi saman hlið við hlið,
þrír hátalarar í zynsi saman, hlið við hlið,
og bylgjurnar magnast veldisaukandi.
Einföld eðlisfræði. Ofur skiljanlegt

og ekkert óskiljanlegt

– þvert oní það sem mystikkin vill vera láta.

Að þetta sé órannsanlegt er ekki satt.

Sjá 33., Urði Verðandi Skuldu og gjörðafækjuna, sem við skulum ekki
reyna að skilja:

bhagavat-gíta gahana karmanó gatih, vegir gjörða eru órannsanlegir.

Allt í veröld er skiljanlegt, mælanlegt, rannsanlegt, eðlilegt.

Ekki er neitt yfirskilvitlegt til,

ekkert órannsanlegt -- nema þessi gjörðafækja í verslu!

Við erum þekkingin. Hún er í vitund. Við erum vitund.

Uppruninn, ginnungagap, er ekki mælanlegur,

en við vitum um hann,

og „rannsóknir innan vitundar“ eru nauðsyn hverjum lifandi manni til þess að lifa upprunann í lífinu.

Læra að nærast,
læra að þekkja sjálfan sig,
læra að vígja sig tæran. (6., synþ; 31., altær)

Gnostiks er um að þekkja allt, skilja allt innan vitundar.

Við erum þekkingin mikla,
hún finnst í vitund,
við erum vitund.

Úr ginnungagapi koma hljóðin, Gungnir. (35. hljóð og efni)

Fyrst verður hljóð úr gapinu,
síðan orð, orð mér af orði orðs leita,
en í upphafinu er þögn og kyrrð,
orkuhlaðin kyrrð, kyrr orka.

Í upphafi var sannleikurinn, sem er eilífðin, er alls staðar.

Orð lýsa ekki vitund og þekkingunni.
Rannsókn innan vitundar þarf.
Hver einasti maður ætti að stunda þær.

Hið sanna yoga योग

er hið einfaldasta ástand og ásigkomulag manns,
tær vitund, engin hugsun.
Menn finna þar sannleikann.

Við ættum ekki að standa eingöngu í eilífum þælingum um eilífðina.
Miklu einfaldara að finna hana.
Hið einfaldasta ástand og ásigkomulag er auðlært,
auðveldlega náð.

Allt skapað er fyrir hendi,
úr eindinni kemur allt skapað,
meðvitund manns skynjar að þetta er satt.

Frá vísindalegu sjónarmiði: kyrrð, samsvið allra náttúrulögmála,
allir möguleikar sköpunar.

Þaðan er alheimur kominn, allt sem til er.

Allt kemur úr eilífðinni,
verður einn punktur skapaður,
leysist sundur
og hverfur aftur í eilífðina.

Mannleg vitund sefur aldrei.
Vitund sefur ekki.
Alheimsvitund sefur aldrei.
Líkaminn þarf hvíld, það er djúpsöfn og draumsöfn,
heilinn hugsar í vöku,
en vitund sefur aldrei.
Sívökul, orkuhlaðin, þreytist aldrei.

Ef vitund svæfi,
hryndi allur alheimur.

Bhagavad gita IV 35, V 7, 17, 29:
sjá allar verur í eigin vitund og í mér (Krishna avatar),
vitund þess manns hvers vitund er orðin vitund allra lífvera,
sem sér allar lífverur í sinni eigin vitund og vitundina í öllum,

tat twam asi, þú ert það (ginnungagap) तत्त्वमसि

Við þróumst til fullkomnunar.
Slík manns ævi er vel nýtt ævi.

Kyrrðin er undirstaða alls sem gert er.


Svo það er hagnýtt og orkusparandi að vinna út frá henni.

Með heilalínuriti, EEG, er auðvelt og einfalt að mæla hvort tækni virkar.
T.d. fjórða vitundarstigið sem næst með TM.

Það þýðir ekki að vera með Pollíönnu-tilþrif,
hugsa stíft um mátt jákvæðra hugsana,
eða rembast við að banna heilanum að hugsa.



helgislepjuplat



áreynzlubull

Semsagt:

Með iðkun TM náum við fullkomnun mannlegrar vitundar, og við virkjum alla möguleika sem innan okkar búa.

Einstaklingur kemst á æðri vitundarstig,

og vinnur þar með sjálfkrafa í samræmi við náttúrulögmálin.

Heilbrigði -- sem er hið eina eðlilega ástand manns -- verður fullkomið.

(39.) स्वस्थ svasthya í sjálfum sér standandi fullkomin heilza.

Gerir samræmi innan einstaklings,
jafnvægi og framför í umhverfinu,
og kyrrð í náttúrunni allri.

(36., móðir náttúra.)

Gjörðir verða sjálfkrafa týréttar við að fá næringu úr uppruna hugsana, því ekki er nóg að hugsa á sviði gjörða, Gunnanna þriggja, á sviði vitundarstiganna þriggja: vöku, draumsvefns, djúpsvefns án næringar úr eindinni.



afskorin blóm eða pottaplöntur með rót?

Við berum ábyrgð á náttúrunni (móðir náttúra, 36.)

Ef við nálgumst þekkinguna innan samsviðsins,
-- þess sviðs sem náttúrunni er stjórnað af --
erum það við sem stjórnnum.

En aðeins ef við raunverulega lifum 4. vitundarstig alla daga,
og 5. og 6. vitundarstig, Valhöll, sem afleiðingu þess.

Meðan við ekki notum tækni til að transcendera, vöðum við í villu og eyðileggjum í heimsku okkar.

Pradñja aparadah, vistmunir gera vitleysu. प्रज्ञा अपरध

fellur útaf ferlinu ÓðinnViliVéi-ginnungagap (3.)
samhita-rishi,devata,cchandas.

Það er ekki fyrr en við erum komin í Valhöll, æðra vitundarstig en svefn og vöku og kshanika dhyaana

-- kshanika (stöku sinnum í smátíma) dhyaana (ástand án hugsana) –

komin í samadhi (ek gefinn sjálfum mér í eind),

sem við lifum dyggðir og dharma sjálfkrafa.

Æðra vitundarstig er aukaafurð af iðkun TM reglulega.

Einherjar taka aðeins týréttar ákvarðanir,
hver hugsun þeirra er djúp.

Sá sem stunginn var svefnþorni einsog Þyrnirós og Brynhildur,
verður nú alvakandi og sjáandi,
tær og fullkominn.

Óðinn - Óðinn hafa aldrei verið tveir, aðeins einn,
ég gefinn Óðni, gefinn sjálfum mér;
við nemum upp fimbulrúnir.

Mjög auðvelt og engin fyrirstaða finnst frá mér til mín.

Fórnum þessu hugtaki „ek” um hrið,
engin hugsun,
aðeins óravídd vitundar.

Rannsókn innan vitundar.
Vitund er uppruni allra hugsana.

Visindi eru ferli, skipulegt ferli, til að öðlast þekkingu,
tækni er að beita þekkingu til að ná eftirsóttu markmiði.

Visindalega sannað:

þegar hægt er að framkalla með ákveðnu vituðu ferli eða gjörðum,
fyrirframvituð áhrif eða ástand, hvenær sem er, alltaf þau sömu.

___Rannsókn innan vitundar í viðbót við
hefðbundnar rannsóknir á veraldlegum fyrirbærum___:

Maharishi vedavísindi:

Mannshugurinn lærir af veraldlegu umhverfi í lífinu í efnisheimi, af
bókum og frá kennurum;

samkvæmt vedavísindum -- gerum við __einnig__ rannsóknir innan
vitundar, á því sviði sem öll sköpun er úr komin.

Þá fáum við saman:

(1) okkar venjulegu vísindarannsóknir á öllu sem við viljum vita eitthvað um, og

(2) þekkingu á því sviði tilverunnar (sem skilningarvitin ekki nema) sem allt er úr komið, sem er uppruni alls sem er í veröld -- einnig uppruni mannshugans.

og

förum innfyrir hugsun, í tæra vitund, -- með einfaldri tækni -- og (1) sjáum - við skiljum betur og betur áreynzlulaust

og um leið -- við reglubundna notkun tækninnar --

(2) verður hugurinn tærari og tærari.

Tvennt:

við * skiljum, sjáum, miklu betur, rannsökum innan vitundar,

og ** leiðin til skilnings verður tærari og tærari, streita og fyrirstöður hverfa smátt og smátt;

hávu grasi vex og hrísi vegur sem eigi er troðinn.

Ef þú átt TM sem bezta vin, far að finna opt. Þjáll Sleipnir er góður fararskjóti í Ásgarð.

Eðli þessarar náttúrulegu tækni, að troða leiðina í Ásgarð, inní hina mestu þekkingu, gera þekkinguna tærari og tærari, eðlilegri;

huganum mjög eðlislægt, því við erum úr henni komin!!!

Í stað þess að nota 5 - 10% heilans í einu, svæðanýtingu, byrjum við að nýta alla blundandi möguleika mannshugans áreynslulaust, samræmt

því

hlutar heilans vinna saman, samræmt, allur heilinn nýttist, ekki eitt og eitt sérsvið, heldur öll svið heilans samræmd. (37., vitundarþroskamenntun.)

Ekkert annað fag en SCI, (Science of Creative Intelligence) þróar mannlega vitund á þennan hátt.

Fagið er undirstaða allra faga,
er um vitund og rannsóknir innan vitundar.

Engin menntun má vera án síns eigin grunns.
Slíkt vil ég kalla grunnlausu menntun.
Allt þarf næringu úr uppruna sínum.

__Hundruð vísindamanna nota tæknina TM__:

Tækni, á tækniöld, er til að auðvelda, ekki satt?

Þessi tækni heitir TM (TM®, skammstöfun á ensku fyrir transcendental meditation),
og hundruð vísindamanna þróa huga sinn til fullkomunar með henni.
-- Menn sjá, betur og betur, innan vitundar.

Þetta auðveldar allar rannsóknir og allan skilning (1.),

og þróar hugann til fullkomunar um leið (2.).

Við ráfum í raun í fáfræði að hluta til, meðan við ekki þekkjum
-- af eigin reynslu --
svið lögmála náttúrunnar og eindina miklu sem þau eru úr komin,
-- finnanlegt innan mannlegrar vitundar,
eðlilega,
því við erum „heima“ á því sviði tilverunnar.

Nú eru vísindin komin það langt að við tengjum kjarna- og öreindafræði,
skammtafræði og kvarka, við mannshugann vegna þess að allt er úr
samsviðinu komið, -- einnig hugurinn -- svo grunnur alls, eindin mikla,
er viðurkenndur sem rannsóknasvið.

Bandaríski eðlisfræðingurinn John Hagelin er, ásamt nokkrum
hundruðum annarra vísindamanna, að rannsaka þetta.

Hann er ráðherra vísinda- og tæknimála Heimsfriðarríkisins, Global
Country (GCWP), radja (konungur) hjá Global Country.

John Hagelin starfar, ásamt hundruðum annarra vísindamanna, að því
að finna og upplifa uppruna heimsins með TM-síðhi, þartilgerðri tækni,
virkja þetta svið, á vísindalegan hátt;

Global Country of World Peace

The Global Union of Scientists for Peace www.gusp.org

Ég leita fremstu vísindamanna hér á Íslandi fyrir John Hagelin, ráðherra og eðlisfræðing.

Vinsamlega kynnið ykkur málið á www.nuclearalert.org

Vonandi taka íslenskir vísindamenn þátt í þessu heimsverkefni
eðlisfræðinga/vísindamanna

-- og endilega bendið mér á aðra viðsýna menn hér heima.

-- John Hagelin segir:

>research in consciousness, finding in our own awareness the deepest levels of the created world and its origin in a completely self-referral state; that is on the plane of Total Natural Law.

Mannshugurinn og hver hugsun þar með -- sem og allt annað skapað -- er að sjálfsögðu úr samsviðinu.

Ginnungagap er auðvitað einnig uppruni hugans.

Það svið tilverunnar er alls staðar. Við erum innan þess.
Það finnst auðvitað innan hverrar frumu, innan DNA.
Þar með minnsta mál fyrir hugann að skreppa heim.


Í ginnungagapi er ekki einu sinni mannleg hugsun.
Aðeins skapandi vitund
(Hilbert Observables States,
á sanskrit rishi devata cchandas,
á íslensku Óðinn Vili Vei).

Þekking, svinnur, leitar þekkingar innan sjálfrar sín, finnur fyrir þekkingu, tæra þekkingu, sem er til staðar innan vitundar.
Maharishi segir: *-Knowledge is structured in consciousness.*

Allt í náttúru er skipulegt.
Allt fylgir náttúrulögmálunum.
Kisa eignast kettling, ekki fuglsegg,

hver gjörð á sér jafna mótgjörð (33., Urður Verðandi Skuld sem er náttúrulögmál),

ekkert er einangrað.



ekkert er hægt að fela fyrir Urði Verðandi Skuldu.

Við sjáum að vitsmunir stjórna öllu,
skipulag,
greind,
útsjónarsemi.

Menn hljóta að skilja hugtakið vitsmuni(?), því menn eru vitibornar
verur, ekki satt?

rétt einsog tré verður til úr fræi, verður askur Yggdrasils til úr eindinni.

-Hvað sér maður inni í fræi?
spyr litla völva,

og svarar sér sjálf:
-eiginlega ekkert.
En veit að þar búa möguleikar trés.

-Maðurinn getur skilið ferli og séð hvernig allt virkar í heimi hér.
Maðurinn getur vísindalega mælt öll ferlin og náttúrulögmálin.

Náttúran er skipuleg,
og mannsheilinn er þeirri náttúru gæddur að geta skipulagt og verið
meðvitaður um ferli.

Meðvitund, vitsmunir, skilningur og skipulagshæfileikinn eru eiginleikar
náttúrulegir og meðfæddir mönnum.

Skipulagið finnst og sést í náttúrunni.
Hvaðan skyldi það vera komið??
Það er úr ginnungagapi komið.

Skipulagning og meðvitund,
vitsmunir, greind
eru hæfileikar,
eru forsenda þess að skilja.

Forsenda skilnings,
forsenda þekkingaröflunar,
forsenda þekkingar.
Dýrmætir eiginleikar mannsins.

Þá skilur hann einnig nauðsyn þess að öðlast þekkinguna beint í æð.

Það sem sums staða vantar að skilja
er,
að vitund manna er þessi þekking sem allir leita !!!

Eiginleiki sem finnst í alheimi er þessi vöxtur sem við sjáum alls staðar,
Gróa, þróun, framför.
Allt er skapandi.
Allt ber einkenni eiginleikans að skapa, vera skapandi, gróa, vaxa,
lífa til að þróast, hafa tilgang í þróunarátt.

Menn sjá samhengi,
geta stundað vísindi,
hafa rökhyggju.
Við vitum, skiljum, þróumst,
allt grær og vex,
og við vitum að menn geta skilið hvernig alheimurinn virkar.

Streitulaus maður, altær, skilur, í djúpri merkingu þess.



Til að sjá og skilja, [https://www.youtube.com/watch?v=U1111111111](#) skulum við vera tær.

Við vitum nú hvar þekkingin er,
og að allir menn hafa aðgang að henni.


Hvernig veit sá sem grefur brunn að jarðvatn er þarna?

hvernig vita vísindamenn að allt er úr eindinni?
hvers vegna vita þetta ekki allir?
hvers vegna kenndi enginn okkur þetta fyrr?

Þess vegna kennir maharishi eðlisfræðingur allt um vöxt og skipulag í
manninum,
og gegnum manninn í heimi öllum.

Það nám ber á ensku nafnið SCI, Science of Creative Intelligence.
Skapandi vitsmunir sem vísindagrein.

Nú er þekkingin hér.



- mamma mía !!!

hve mörg orð voru hér í bunu !!? -- um það sem sumir kalla „ekkert“ !!
„Heimurinn varð til úr engu“, segir stjarnfræðingurinn íslenski.
Svo finnst honum að heimspekingar(!) eigi að útskýra hvernig eitthvað getur
orðið til úr engu! Þetta eru sko afslappaðir/slappir „vísindamenn“ (hér stjörnu-
fræðingur), ekki að hafa áhyggjur af fleiru en sést með augunum og stjörnu-
kíkjunum.

Ég held ég leggist bara yfirum hana Maayuu mína.

Svona einfalda og sjálfsagða löngun skilja sko mínir menn!!
-- þótt þeir skilji ekki baun í eilífðarmálavaðlinum.



ISBN 978-9935-409-24-9

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi
mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)
raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्शि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म
sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar.

Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvefrrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa

Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hvefrra forsetar guðin okkar eru.

Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rötstöfum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenskri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenska menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharmar). परधर्म (paradharmar), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknið okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað í hula Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður” gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellumlifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
